



Borgarráð

Rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Okrunnar fh. Dælunnar ehf.

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að rammasamkomulagi Reykjavíkurborgar fyrir hönd eignasjóðs annars vegar og hins vegar Okrunnar IS ehf. fyrir hönd Dælunnar ehf. og Löður ehf. vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðstöðu eldsneytisstöðva Okrunnar fh. Dælunnar ehf.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Rammasamkomulag vegna fyrirhugaðra breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Okrunnar fh. Dælunnar ehf., drög.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480- 0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík, annars vegar og hins vegar Orkunni IS ehf. kt. 680319-0730 (hér eftir nefnd Orkan), Borgartúni 26, 105 Reykjavík f.h. Dælunnar ehf., kt. 460918-0570 og Löður ehf. kt. 580912-0280, Fiskislóð 29, 101 Reykjavík hér eftir sameiginlega nefndir lóðarhafar gera með sér

rammasamkomulag vegna fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Orkunnar fh. Dælunnar ehf.

1. gr.

Inngangur

Á síðustu árum hefur Reykjavíkurborg sett fram ákveðin markmið um fækkun eldsneytisstöðva innan þéttbýlis borgarinnar. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru sett fram skýr stefnuákvæði sem eiga að sporna við fjölgun eldsneytisstöðva og markmið sem miða að því að draga úr landrýmisþörf eldsneytisstöðvanna. Í Loftlagsstefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var árið 2016, eru sett fram ákveðnari markmið um fækkun eldsneytisstöðva, til að undirstrika enn frekar mikilvægi vistvænni ferðamáta og komandi orkuskipti í bílasamgöngum. Í Loftlagsstefnunni er einnig lagt til að þróaðir verði hvatar til að fækka stöðvum.

Á fundi borgarráðs þann 9. maí 2019 var lögð fram og samþykkt tillaga borgastjóra um samningsmarkmið, sem leggja skal til grundvallar í viðræðum Reykjavíkurborgar við rekstraraðila og lóðarhafa eldsneytisstöðva í Reykjavík. Á fundinum var lagt fram og samþykkt drög að erindisbréfi samningarnefndar Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við rekstraraðila og lóðarhafa bensinstöðvalóða í Reykjavík.

2. gr.

Staða lóðarmála Orkunnar /Dælunnar ehf. í byrjun árs 2021.

Dælan ehf. var með í rekstri á árinu 2021 innan borgarmarka Reykjavíkur þrjár eldsneytisstöðvar sem núna eru reknar undir merkjum Orkunnar.

- Í Fellsmúla 30 hefur Orkan á leigu hjá Festi hf. aðstöðu fyrir sjálfsafgreiðslustöð þar sem voru 2 dælar fyrir 4 bifreiðir samtímis.
- Á Stekkjarbakka 2 hefur Orkan á leigu hjá Fastherja ehf. aðstöðu fyrir sjálfsafgreiðslustöð þar sem voru 2 dælar fyrir 4 bifreiðir samtímis.
- Í vatnagörðum 40 hefur Orkan á leigu hjá Festi hf. aðstöðu fyrir sjálfsafgreiðslustöð þar sem voru 2 dælar fyrir 4 bifreiðir samtímis.

3. gr.

Breytingar á lóðarmálum Orkunnar /Dælunnar ehf.

- **Fellsmúli 30.** Orkan/Dælan ehf. hefur þegar fækkað um eina dælu fyrir 2 bíla samtímis þannig að núverandi staða er einn dæla fyrir 2 bíla samtímis og rekur hana nú undir nafni Orkunnar. Skeljungur/Dælan mun hætta rekstri eldsneytisstöðvar í Fellsmúla þegar eldsneytisstöðvar við Lambhagaveg verða opnaðar. Aðilar eru sammála um að stefna að því að það verði ekki síðar en 1. janúar 2024. Ekki er heimilt að hafa báðar stöðvar opnar samtímis.
- **Stekkjarkakki 2.** Orkan/Dælan ehf. hefur þegar fækkað um eina dælu fyrir 2 bíla samtímis þannig að núverandi staða er einn dæla fyrir 2 bíla samtímis og rekur hana nú

undir nafni Orkunnar. Eldsneytisstöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.

- **Vatnagarðar 40.** Orkan/Dælan ehf. hefur þegar fækkað dælu um eina fyrir 2 bíla samtímis þannig að núverandi staða er einn dæla fyrir 2 bíla samtímis og rekur hana nú undir nafni Orkunnar. Eldsneytisstöð verður óbreytt en lóðarhafi skuldbindur sig til að fjölga ekki eldsneytisdælum eða auka afköst þeirra án sérstaks samkomulags við Reykjavíkurborg.
- **Lambhagavegur 12.** Löður ehf. mun heimila Orkunni að setja upp á lóð sinni að Lambhagavegi 12 eina eldneytisdælu fyrir 2 bifreiðar samtímis ásamt einni hraðdælu eingöngu fyrir stærri bíla og tæki enda mun lóðarhafi láta vinna breytingu að deiliskipulagi til að koma á móts við þarfir Orkunnar. Gert verði ráð fyrir sjálfsafgreiðslustöð á Lambhagavegi 12. Ekki er heimilt að taka í notkun eldsneytisdælur við Lambhagaveg fyrr en eldsneytissölu við Fellsmúla hefur verið lokað sbr. fyrsta málsgrein gr. 3. Ekki er heimilt að hafa báðar stöðvar opnar samtímis. Sjá sérstakt samkomulagi um lóðina.

Samkomulag þetta er gert samhliða því að Reykjavíkurborg og Löður undirrita „Samkomulag um uppbyggingu að Lambhagavegi“. Hafi breytingar á skipulagi, sem m.a. heimila rekstur á eldsneytisstöð, ekki ná fram að ganga fyrir 1. nóvember 2023 þá er hvorum aðila um sig heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaðar fyrirvara.

Með undirritun samkomulags þessa lýsir lóðarhafi því yfir að hann stefni að því að fjölga framboði á vistvænum orkugjöfum á þeim stöðum þar sem áfram verður rekstur eldsneytisstöðva í takt við komandi breytingar á orkuskiptum í samgöngum.

Reykjavík, [dags.]

F.h. Orkunnar IS ehf. ehf. vegna Dælnnar ehf.

F.h. Löðurs ehf.

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Vitundarvottar að rétri
dags., undirskrift og fjárræði aðila:

Kt.

Kt.